

Dreifibréf 05/2008/LS

Sala nikótínlyfja og flúorlyfja utan lyfjabúða

Vegna breytinga á lyfjalögum nr. 93/1994, sem taka gildi 1. október nk., vill Lyfjastofnun taka eftirfarandi fram:

Samkvæmt 1. mgr. 20. gr. lyfjalaga er heimilt að selja utan lyfjabúða flúorlyf og minnstu pakkningar og minnsta styrkleika nikótínlyfja sem ekki eru lyfseðilsskyld. Um sölu nikótín- og flúorlyfja fer skv. 1. og 7. mgr. 8. gr. laga um tóbaksvarnir og 2. mgr. 62. gr. reglugerðar um lyfsöluleyfi og lyfjabúðir. Um eftirlit, þvingunarúrræði og viðurlög fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir:

- Um er að ræða flúorlyf seld í lausasölu.
- Um er að ræða nikótínlyf seld í lausasölu, öll lyfjaform, minnsta pakkning af minnsta styrkleika hvers framleiðanda.

Lyfjaheildsölum er heimilt að selja umrædd lyf til þeirra **verslana og veitingastaða** sem heimilt er að selja lyfin.

Allar **verslanir og veitingastaðir** hafa heimild til að selja umrædd lausasölulyf, en gert er ráð fyrir að aðallega verði um að ræða stórmarkaði, bensínstöðvar, veitingastaði og söluturna.

- Lyfin mega ekki vera í sjálfvali í verslunum.
- Lyfin má hvorki selja né afhenda einstaklingum yngri en 18 ára.
- Þeir einir sem orðnir eru 18 ára mega selja lyfin.

Um meðhöndlun lyfjanna í ofangreindum verslunum og veitingastöðum gilda sömu reglur og við sölu þeirra í lyfjabúð, svo sem:

- Merkja þarf pakkningar útsölastað.
- Ekki er heimilt að rjúfa pakkningar.
- Geymsla lyfja lítur sömu reglum.
- Tryggja þarf rekjanleika lyfja.

Lyf sem um ræðir: Sjá upplýsingar í Lyfjaverðskrá.

Lyfjastofnun